



## Fundur í skólaráði 27. október 2017

Fundinn sátu: Kristín skólastjóri, Einar Logi og Guðrún Inga fulltrúar foreldra, Guðmundur Steinn 9. LÓ fulltrúi nemenda, Sigríður Helga og Lára Guðrún fulltrúar kennara, Heiða fulltrúi starfsmanna og fundarritari var Sigríður aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri mund senda lýsingu á starfsskyldu skólaráðs til fundargesta.

Skólastjóri fer yfir dagsskrá fundarins, skólapúlsinn er ekki kominn, engu að síður skýrir hún hvað er viðfang hans og hvernig hægt er að nota niðurstöðurnar.

Niðurstöður lesferils liggja ekki fyrir. Læsi í 2. bekk er lagt fyrir árlega og niðurstöður liggja fyrir og eru þær skoðaðar. Hvernig getum við bætt árangur nemenda innan skóla og utan. Þarf að bæta við stuðningi? Nú þegar er verið að vinna gott starf og nemendur sem lægst skora eru í sérkennslu. Skólaráð vill gjarnan að það verði upplýst reglulega / aftur um framfarir nemenda sem verst stóðu í 2. bekkjarlæsisprófi. – Athugasemd – tafla bls. 3 og mun skólastjóri senda fyrirspurn og senda skriflega á fulltrúa í skólaráði. Undirbúningur fyrir prófið er kannski ónógur. Skoða má hvernig fyrirlögnin er. Niðurstaðan er lögð fyrir stigfund og þar er málið krufið og leitað lausna. Pals er notað í 1. og 2. bekk.

Nemendaping, hluti af lýðræðisþingi Austurbæjarskóla. Skólastjóri kynnti verkefnið og hvernig til tókst. 1. – 4. bekkur saman aldursblönduð stjórnað af 10. bekk. 5. og 6. bekkur saman, samsvarandi spurningar og kennarar stýrðu. 7. og 8. saman og 9. og 10. saman. Aðrar spurningar voru lagðar fyrir þessa aldurshópa. Framundan er starfsmannaping, 3. nóvember og síðan er foreldraping með undir foreldrum komið, með stuðningi skólans. Horft er til þess að endurtaka nemendapingið reglulega.

Heildarmat á skólanum liggur ekki fyrir enn, verið er að taka saman síðustu þætti. Þegar niðurstöður liggja fyrir munum við fagna því og taka það og læra af því og nýta til framtíðar í umbótastarfi.

Önnur mál: Mötuneytið, hvernig er staðan? Þrívegis var auglýst, loksins sóttu um kokkur sem var upptekinn fram í nóvember. Tímabundið höfum við verið með Skólamat og síðustu vikur hefur ánægjan minnkað. Nú bíðum við átekta.

Ráðnir hafa verið þrjú brúarsmiðir, kennarar sem hafa filippískt mál, arabískt mál og pólsku. Þessir kennarar koma inn fyrsta föstudag í mánuði með foreldrum. Hvernig eru skólaforeldrar á Íslandi? Hvernig geta foreldrar stutt við börnin sín?

Sandurinn á gervigrasinu er að berast um allt, innan skólans. Börnin eru ekki ánægð. Þá er þetta mikið álag á ræstingarnar innan skólans. Skólastjóri mun hafa samband við þá sem sjá um vellina, hvað sé til ráða? Mottur við vellina?

Fundi slitið kl. 9.10

Næsti fundur er boðaður 10. nóvember.